

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 – 1999

Nr. 183

526

24. mars 1999

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 796/1998 um verðtilfærslugjald af mjólk.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðast svo: Á tímabilinu 1. september til 31. desember 1998 skal verðtilfærsla skv. 13. og 22. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, fara eftir verklagsreglum Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði um verðtilfærslu frá 24. ágúst 1995. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurgreiðir verðtilfærslugjald sem tekið er yfir þetta tímabil skv. 1. gr. til afurðastöðva að fullu.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. mars 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Hjördís Halldórsdóttir.

Nr. 184

25. mars 1999

REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 160/1999
um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.**

1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Úr tollnúmeri:			kg	%	kr./kg
0704.9001	Hvítkál	29.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	29.03.-11.04.99	ótilgr.	15	68
0706.1000	Gulrætur og næpur	12.04.-30.06.99	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 25. mars 1999.

F. h. r.

Björn Sigurbjörnsson.*Hjördís Halldórsdóttir.*

15. mars 1999

Nr. 185

AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra nr. 7/1999 um breytingar á auglýsingu
ríkisskattstjóra nr. 2/1999 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1999.**

Frá og með 1. mars 1999 breytist skattmat á fjárhæðum ökutækjastyrkja sem launaður fær greiddar vegna ferða í þágu launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu. Fjárhæðirnar verða sem hér segir:

1. Ökutækjastyrkir.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 3.2. í auglýsingunni um mat á ökutækjastyrk innan viðmiðunarmarka, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu:

a) *Almennt gjald:*

Fyrir:	1 - 10.000 km	verður	kr. 38,20
	10.001 - 20.000 km	verður	kr. 34,40
	20.001 - >	verður	kr. 30,55

b) *Sérstakt gjald.*

Sérstakt gjald verður 15% hærri en almennt gjald samkvæmt a) eða sem hér greinir:

Fyrir:	1 - 10.000 km	kr. 43,93
	10.001 - 20.000 km	kr. 39,56
	> 20.001 km	kr. 35,13

c) *Torfærugjald.*

Torfærugjald verður 45% hærri en almennt gjald samkvæmt a) eða sem hér greinir:

Fyrir:	1 - 10.000 km	kr. 55,39
	10.001 - 20.000 km	kr. 49,88
	> 20.001 km	kr. 44,30

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. mars 1999.

Reykjavík, 15. mars 1999.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.